

Þriðjudaginn 01. apríl, kl. 15:00

Austurstræti 5, 101 Reykjavík

Mættir eru: Ásdís Spanó, formaður myndlistarráðs, Anna Jóhannsdóttir, (Listasafn Íslands), Margrét Elísabet Ólafsdóttir (Listfræðafélag Íslands), Katrín Elvarsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM). Einnig sitja fundinn Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður Myndlistarmiðstöðvar og Tinna Guðmundsdóttir, ráðgjafi sjóða hjá Myndlistarmiðstöð.

Fundardagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - Fundargerð frá 2. febrúar 2025 samþykkt.
2. Tillögur matsnefnda myndlistarsjóðs, vorúthlutun 2025
 - Matsnefndir hafa lokið störfum. Fulltrúar myndlistarráðs í matsnefndum voru: Anna Jóhannsdóttir, Margrét Elísabet Ólafsdóttir, Katrín Elvarsdóttir og Hlynur Helgason. Aðrir nefndarmenn voru Heiðar Kári Rannversson og Starkaður Sigurðarson.
 - Notkun ítarlegri matskvarða fyrir umsóknir gekk vel en þegar um hópsumsókn var að ræða þurfti beita meðaltali. Rætt um að skoða að lækka þak á undirbúningsstyrki.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir undirbúningsstyrki kynntar. Alls bárust 45 umsóknir fyrir og sótt var um fyrir samtals 51.300.000 kr. Matsnefnd leggur til að 11 verkefni hljóti undirbúningsstyrk fyrir alls 5.500.000 kr.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir útgáfa-, rannsóknar- og aðrir styrkir kynntar. Alls bárust 45 umsóknir og sótt var um fyrir samtals 54.900.000 kr. Matsnefnd leggur til að 13 verkefni hljóti styrki fyrir alls 7.000.000 kr. Rætt um að skoða að lækka þak á útgáfu-, rannsóknar- og aðra styrki.
 - Niðurstöður matsnefndar fyrir sýningarverkefni kynntar. Alls bárust 163 umsóknir og sótt var um fyrir samtals 179.000.000 kr. Matsnefnd leggur til að 37 sýningarverkefni hljóti styrk fyrir alls 25.500.000 kr.
 - **Myndlistaráð samþykkir niðurstöður matsnefnda og úthlutar 38.000.000 kr. í vorúthlutun 2025 til 61 verkefna.**
3. Úthlutunarahöfn myndlistarsjóðs
 - Rætt um skipulag og kostnað. Ákveðið að láta hanna staðlað afhendingarskjal sem hægt er að nota áfram fyrir næstu úthlutanir.
 - Athöfnin verður haldin fimmtudaginn 10. apríl kl. 17:00 í Austurstræti 5, 4. hæð.
4. Íslensku myndlistarverðlaunin 2025
 - Umræður um nýffirstaðna verðlaunaathöfn.
 - Tinna greinir frá því að skipa þarf nýjan aðila í dómnefnd fyrir 2026 fyrir hönd SÍM og leggur fram nýjar tillögur frá tilnefningaraðila. Myndlistaráð afgreiðir og samþykkir nýja aðila. Tinna mun hafa samband við nýja dómnefnd og boða til fyrsta fundar.
5. Skýrsla myndlistarráðs 2022-2025
 - Rætt um skipulag og kostnað. Tinna leggur fram drög efnisyfirliti og tölfræði. Formaður mun skrifa formála. Ákveðið að láta skýrsluna fjalla um tímabilið haust 2022 til haust 2025. Málið verður tekið aftur fyrir á næsta fundi.

6. Önnur mál

- Vinnufundur Listskreytingarsjóðs 18. mars. Umræður.
- Greinargerðir. Tinna greinir frá því að vel gekk að innheimta greinargerðir eftir síðustu áminningu þegar gefin var frestur til að skila inn.

Fundi slitið 17:15

Næsti fundur verður fimmtudaginn 8. maí kl. 15:00